



Aldraðir innflytjendur: Vaxandi hópur í íslensku samfélagi

Sigurveig Sigurðardóttir
lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Hópur aldraðra innflytjenda er ekki fjölmennur hér á landi enn sem komið er en gera má ráð fyrir að innflytjendum á ellilífeyrisaldri muni fjölga mjög á næstu árum. Margir þessara einstaklinga hafa alið stóran hluta ævi sinnar í öðru landi og hafa þeir aðlagast íslensku samfélagi misjafnlega vel. Í greininni verður leitast við að svara því hvort aldraðir af erlendum uppruna þurfi sérstaka þjónustu og ef svo er hvernig við getum búið okkur undir að mæta þörfum þeirra. Gerð verður grein fyrir rannsóknum á aðstæðum aldraðra innflytjenda í nágrannalöndum okkar og kynntar þær aðgerðir sem stjórnvöld leggja áherslu á til að mæta þörfum þessa ört vaxandi hóps. Lítið er vitað um aðstæður aldraðra innflytjenda hérlendis og er mikilvægt að auka rannsóknir á högum þeirra þannig að hægt verði að mæta þörfum þeirra um þjónustu.

Gera má ráð fyrir að innflytjendum á ellilífeyrisaldri muni fjölga mjög hér á landi á næstu árum. Árið 2004 voru erlendir ríkisborgarar 10.636 talsins eða 3,6% af heildaríbúafjölda og hefur fjöldi þeirra ríflega tvöfaldast frá árinu 1995. Alls voru 254 einstaklingar 67 ára og eldri með erlent ríkisfang árið 2004. Fjöldi aldraðra innflytjenda er þó væntanlega nokkuð hærri því í þessari tölu eru ekki taldir með þeir sem eru af erlendu bergi brotnir og öðlast hafa íslenskan ríkisborgararétt (Hagstofa Íslands, 2005; Félagsmálaráðuneytið, 2005). Ekki eru tiltækar upplýsingar um þann hóp. Margir þessara einstaklinga hafa alið stóran hluta ævi sinnar í öðru landi og hafa þeir aðlagast íslensku samfélagi misjafnlega vel. Danir gera ráð fyrir að öldruðum af erlendum uppruna muni fjölga þar í landi um rúmlega helming á næstu 15 árum (KL-Kommunernes interesseorganisation, 2001). Gera má ráð fyrir að þessi sama þróun verði hérlendis.

Í greininni verður leitast við að svara því hvort aldraðir af erlendum uppruna þurfi sérstaka þjónustu og ef svo er hvernig við getum búið okkur undir að mæta þörfum þeirra. Kynntar verða rannsóknir sem gerðar hafa verið á aðstæðum aldraðra innflytjenda í nágrannalöndum okkar svo og þær aðgerðir sem stjórnvöld landanna leggja áherslu á til að mæta þörfum þessa hóps. Takmarkaðar

upplýsingar liggja fyrir um aldraða af erlendum uppruna hérlendis.

Hugtök og skilgreiningar

Það er mjög mismunandi eftir löndum hvernig tekið er á móti fólk af erlendum uppruna og hvernig fjallað er um aðstæður þess. Í löndum þar sem lengri reynsla er af sambúð ólíkra þjóðarbrotu og af því að taka á móti innflytjendum er höfuðáherslan ekki á hugtakið „innflytjandi“ heldur er athyglinni beint að þeim sem tilheyra svokölluðum minnihlutahópum. Í Bandaríkjunum er rætt um minnihlutahópa, s.s. þá sem tilheyra ákveðnum kynþætti t.d. indíánum eða þá sem tala sama tungumál t.d. spænsku. Þegar rætt er um þessa hópa er lítil munur gerður á hvort þeir eru fæddir í landinu eða hvort þeir eru innflytjendur, heldur er það sérkenni menningar þeirra eða tungumál sem fær athyglina. Þeir sem flutt hafa til Bandaríkjanna og tilheyra ekki minnihlutahópum fá litla athygli, þeir tilheyra bara hvíta meirihlutanum. Í Ástralíu beinist athyglin að þeim öldruðu einstaklingum sem ekki tala ensku, án tillits til þess hvaðan þeir eru (Gaunt, 2002). Á Norðurlöndunum hefur hingað til verið talað um „aldrada innflytjendur“, en í nýlegri greinum og skýrslum má þó sjá að oftar er farið að tala t.d. um „eldri með annan þjóðarbakgrunn en t.d. danskan“

(Bartholdy, 2000; Ingebretsen og Romören, 2005).

Þegar fjallað er um eldri innflytjendur verður að hafa í huga að verið er að tala um hóp sem er mjög ólíkur innbyrðis, félagslega, fjárhagslega og menningarlega. Það sem einstaklingarnir í þessum hópi eiga þó sameiginlegt er að þeir eldast og verða gamlir í öðru menningarlegu umhverfi en þeir eru fæddir í.

Aldraðir innflytjendur á Íslandi

Ástæður þess að fólk hefur flust hingað til lands eru margvíslegar. Margir hafa komið í leit að atvinnu, til að öðlast menntun og í von um betri lífskjör, en aðrir hafa flúið stríðsástand og hamfarir í heimalöndum sínum. Enn aðrir hafa flust hingað á efri árum til að vera nálægt börnum sínum og barnabörnum.

Um og eftir miðja síðustu öld fluttust hingað til lands nokkrir hópar erlendra ríkisborgara vegna ótryggs ástands í heimalöndum þeirra. Sumarið 1949 komu 320 Þjóðverjar, þar af 200 konur, á aldrinum 16-40 ára til Íslands. Árið 1956 komu síðan 52 flóttamenn til landsins frá Ungverjalandi og voru 43 þeirra á aldrinum 14-30 ára. Um helmingur þessa hóps flutti frá Íslandi en 25 fengu íslenskan ríkisborgararétt (Margrét Guðmundsdóttir, 2000). Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru nú 11 Þjóðverjar búsettir hér á landi á aldrinum 72-96 og einn 72 ára Ungverji en óvíst er hvort þeir tilheyra hópum flóttamanna sem hingað komu á árunum 1949 og 1956 (Hagstofa Íslands, 2005).

Árið 1979 komu hingað 34 flóttamenn frá Víetnam og á árunum 1982-1998 fluttu hingað nokkrir stórir hópar flóttamanna frá Póllandi, Víetnam og Balkanskaga (Margrét Guðmundsdóttir, 2000). Frá 1959 til 1991 komu hingað 152 flóttamenn og frá 1996-2003 voru þeir 216 talsins. Á síðari árum hafa einnig flutt hingað stórir hópar innflytjenda í atvinnuleit (Hagstofa Íslands, 2005; Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Framandi umhverfi og ólíkar aðstæður

Mörgum sem komnir eru á efri ár finnst

erfitt að eldast í nútímasamfélagi, því fylgja breytingar, félagslegar, efnahagslegar og oft heilsufarslegar. Þetta á ekki síður við um þá sem koma frá öðrum menningarsvæðum, því til viðbótar fyrrnefndum breytingum bætist við aðlögun að aðstæðum sem eru mjög frábrugðnar þeim sem þeir ólust upp við og oft ríkir annað gildismat og aðrar hefðir. Þær breytingar sem fylgja því að eldast geta því haft meiri áhrif á aldraða innflytjendur en innfædda aldraða, og gerir þá viðkvæmari, einangraðri og oft óruggari í stöðu sinni en hina (Akhtar og Choi, 2004).

Rannsóknir hafa sýnt að ástæður flutnings milli landa, hvort fólk kemur að eigin frumkvæði t.d. í atvinnuleit eða sem flóttamenn, sem ekki eiga annarra kosta vól, hafa ekki áhrif á hvernig því vegnar í nýjum heimkynnum þegar aldurinn færast yfir. Þó hefur verið bent á þá staðreynd að þessir hópar hafa ekki sömu möguleika á að taka ákvörðun um og velja sjálfir hvort þeir hverfa aftur til heimalandsins eða dvelja áfram og getur það haft áhrif á lífsgæði þeirra. Hvatt er til þess að tekið sé tillit til þessa í stefnumótun varðandi þjónustu við aldraða innflytjendur því reynsla þeirra og aðstæður eru oft ólíkar (Hatzidimitriadou, 2005).

Það skiptir meira máli á hvaða aldri fólk flytur á milli landa. Ungt fólk aðlagar sig fljótt að breytingum en þeir sem flytjast til annarra landa eftir miðjan aldur eiga oft erfiðara með að aðlaga sig nýju umhverfi og síðum (Blakemore, 1999). Þegar rætt er um aðstæður eldri innflytjenda er vert að hafa þetta í huga.

Hvernig mæta nágrannabjóðir okkar þörfum aldraðra innflytjenda?

Málefni aldraðra innflytjenda hafa verið ofarlega á baugi í nágrannalöndum okkar. Þar eru hópar innflytjenda fjölmennari en hérlendis og nú þegar hafa margir þeirra sem fluttust til Vesturlanda í atvinnuleit á árunum 1960-1990 náð ellilífeyrisaldri. Stjórnvöld þessara landa hafa vakið athygli á sérstöðu þeirra og hvatt sveitarfélög til að huga sérstaklega að úrræðum þeim til handa.

Danir hvetja nú sveitarstjórnir til að leggja áherslu á að mennta starfsfólk úr minnihlutahópum og ráða til starfa í öldrunarþjónustunni. Samband danskra sveitarfélaga hefur gefið út leiðbeiningar til sveitarfélaganna um hvernig þau geta á sem bestan hátt stuðlað að góðri þjónustu við eldri minnihlutahópa og leggja þar áherslu á að tekið sé tillit til sérþarfa þeirra og tungumálaerfiðleika. Eldri borgarar af erlendu þjóðerni vilja vita meira um þá þjónustu sem í boði er en telja að tungumálaerfiðleikar séu helsta hindrunin í að afla þeirra (KL-Kommunernes interesseorganisation, 2001).

Í Vejle sveitarfélaginu í Danmörku var ákveðið að fara af stað með tveggja ára verkefni frá 2001-2003 til að leggja áherslu á þarfir eldri borgara af öðru þjóðerni. Niðurstöður þess voru þær að margt er hægt að gera til að auka vellíðan og öryggi þessara einstaklinga. Það hefur sýnt sig að betri upplýsingar til hópsins á þeirra tungumáli og aukin tengsl starfsmanna sveitarfélagsins við hann hafði góð áhrif. Það kom einnig í ljós að mikilvægt er að aldraðir innflytjendur hafi einhvern ákveðinn aðila sem þeir geta leitað til. Fyrirbyggjandi heimsóknir starfsmanna öldrunarþjónustunnar til einstaklinga þóttu einnig sanna gildi sitt svo og heimsóknir þeirra í félög innflytjenda. Mikilvægt var að skrifa bréf til hópanna á þeirra tungumál og bjóða þeim þátttöku í starfi fyrir aldraðra. Lögð var áhersla á að mennta starfsfólk úr minnihlutahópum og ráða það til starfa í öldrunarþjónustunni og taka þannig tillit til sérþarfa hinna öldruðu (Vejle Kommune, 2003).

Í nýlegri skýrslu um úrræði sveitarfélaga og þarfir aldraðra sem tilheyra minnihlutahópum í Noregi kemur fram að fjölskyldur aldraðra innflytjenda veita aðstoð eins lengi og þær geta. En þegar að því kemur að þær geta ekki annast ættingja sína lengur og leita eftir þjónustu eru væntingarnar um aðstoð svo miklar að sveitarfélögin eiga erfitt með að koma til móts við þær. Höfundar skýrslunnar telja að það sé meðal annars vegna ófullnægjandi upplýsinga og tungumálaerfiðleika sem ágreiningur verður en einnig það að hjálpin berst of seint. Aukinn skilningur á menningu og viðhorfi innflytjenda

svo og betri upplýsingar og eftirlit er talið geta komið í veg fyrir slíkan misskilning (Ingebretsen og Romören, 2005).

Aðlögun í nýju landi

Í rannsókn sem gerð var af Félagsvísindastofnun fyrir Fjölmenningarsetur á viðhorfi innflytjenda á Vestfjörðum og á Austurlandi kemur fram að mjög stór hópur þeirra sem spurðir voru hafði ekki gert það upp við sig þegar hann kom til Íslands hvað þeir ætluðu að búa lengi hér á landi. Nokkuð stór hópur hafði hugsað sér að búa hér í allt að þrjú ár en um 14% höfðu þegar ákveðið að búa á Íslandi til frambúðar (Heiður Hrund Jónsdóttir, Hildur Svavarsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson, 2004).

Í samantekt Lewinter (2003) kemur fram að þegar innflytjendur í Danmörku hafa verið spurðir að því hvernig þeir höfðu hugsað sér að eyða síðustu æviárunum, þá var ætlun þeirra að vinna í Danmörku og fara síðan heim aftur og eyða ellinni í heimalandinu. Það hefur komið í ljós að flutningur til upprunalsins gengur sjaldan eftir, þó svo að það sé draumur flestra. Margar hindranir eru í veginum sem koma í veg fyrir að innflytjendur flytji aftur. Börn þeirra eru oft búsett í Danmörku, hafa aðlagast danskri menningu og hyggjast búa þar áfram. Margir þessara innflytjenda kvarta undan því að þeim finnst þeir hafi tapað hlutverki sínu og stöðu við það að verða aldraðir í Danmörku, þar sem ekki er sama þörf fyrir þá og þegar þeir fluttust til landsins. Margir gera sér þó einnig grein fyrir því að heimalandið er breytt og að þar hefur staða aldraðra einnig breyst. Þess vegna ákveða þeir að búa áfram í Danmörku með fjölskyldum sínum (Bartholdy, 2000; Lewinter, 2003).

Þeir sem flutt hafa til Danmerkur sem flóttamenn eiga oft ekkert val um að flytja aftur til upprunalsins. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sakna heimalandsins, sérstaklega þegar aðstæður breytast í lífi þeirra og aldurinn færist yfir. Þetta viðhorf tengist einnig öðrum þáttum, t.d. því að hafa ekki fjölskylduna nálægt, ólíkri menningu sem þeir hafa ekki tileinkað

sér svo og ónógri dönskukunnáttu. Viðhorf innflytjendahópanna er þó mismunandi eftir því hvaðan þeir koma. Pólskir innflytjendur sem margir eru gyðingar sem flæmdir voru frá Póllandi um 1960, kunna vel við sig í örygginu í Danmörku og hafa aðlagast lífinu þar vel. Elsti og best skipulagði hópur innflytjenda í Danmörku eru gyðingar (Lewinter, 2003; Videncenter på Ældreområdet, e.d.).

Rannsókn Lewinter, Kesmez og Gezgin (1994) á aðstæðum tyrkneskra innflytjenda á aldrinum 55 ára og eldri leiddi í ljós að margir þeirra eru einmana og finnst þeim vera utanvelta í samfélaginu. Þeim finnst þeim einnig vera óöruggir um framtíð sína.

Vakin hefur verið athygli á því að karlar í hópum innflytjenda eru vanir að verja töluverðum tíma á opinberum samkomustöðum, á meðan konurnar halda sig heima (Becker, 2001). Þegar börnin flytja að heiman og þeirra börn fara í leikskóla, en ekki í gæslu til ömmu, finnst þessum konum að ekki sé þörf fyrir þær lengur. Þær verða einmana og einangraðar. Þær eru ekki vanar því að fara út af heimilinu, til dæmis í félagsstarf (Lewinter, 2003). Þessi kynbundni munur á lífsmunstrinu og það að vera á milli tveggja menningarheima er oft aðalorsökin fyrir einmanaleika og einangrun kvennanna.

Heilsa og þjónustubörf

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á heilsufari aldraðra innflytjenda gefa til kynna ólíkar vísbendingar. Ýmsar rannsóknir benda til að líkamleg heilsa aldraðra innflytjenda í Bandaríkjunum sé betri og dánartíðni lægri en innfæddra Bandaríkjamanna (Swallen, 1997).

Sömu niðurstöðu má sjá í breskri rannsókn Marmot, Adelstein og Bulusu, en þau báru saman nokkra hópa innflytjenda í Bretlandi við sambærilega hópa sem bjuggu áfram í þeim löndum sem þeir komu frá, en einnig við innfædda Breta. Dánartíðni innflytjendanna var lægri en viðmiðunarhópanna. Ein af ástæðunum getur verið sú að þeir sem flytja milli landa eru oftast heilsuhraustir (sjá í Swallen, 1997).

Aðrar rannsóknir hafa sýnt að minnihluta-hópar í Bretlandi meta heilsu sína verri en innfæddir á sama aldri. Munurinn verður meiri því eldra sem fólk verður (Nazroo, Bajekal, Blane og Grewal, 2004). Því lengur sem fólk býr í nýja landinu verður minni munur á heilsu þeirra og annarra íbúa (Swallen, 1997; Gaunt, 2002).

Hvað varðar andlega heilsu, þá er oft erfitt að meta hvort þar sé um mun að ræða, en margir innflytjendur hafa upplifað mikla streitu í tengslum við flutninga, kreppu í heimalandinu, stríð og fátækt, auk þess áreitis að þurfa að aðlagast nýrri og framandi menningu (Gaunt, 2002).

Þörfin fyrir opinbera öldrunarþjónustu er að aukast meðal aldraðra innflytjenda á Norðurlöndum. Talið er að einn þeirra þátta sem hafa áhrif á þessa þróun sé að þeir séu slitnari eftir erfiðisvinnu og því lélegri til heilsunnar. Flestir þeirra sem komið hafa í atvinnuleit til þessara landa hafa unnið erfið láglauastörf. Með meiri samþættingu samfélagsins hefur fjölskylduskipulagið einnig breyst og umönnun fjölskyldunnar minnkað. Aukin menntun og útvinnna kvenna svo og veikara stuðningsnet hefur verið nefnt sem skýring á því að aldraðir innflytjendur eru í meiri þörf fyrir þjónustu. (KL- Kommunens interesseorganisation, 2001; Mortensen, 2003; Wänell, 2004).

Sérúrræði í þjónustu

Töluverð umræða hefur verið um hvort stuðla skuli að sérúrræðum í þjónustu fyrir aldraða sem tilheyra minnihlutaþópum í nágrannalöndunum. Í breskri rannsókn Askham, Henshaw og Tarpey kemur fram að mismunandi er eftir hópum innflytjenda hvort þeir kjósi að fá sérstaka þjónustu. Eldri Indverjar og Pakistanir kjósa að fá sérstakar hjúkrunardeildir fyrir sig, þar sem er borinn fram matur að þeirra óskum og þar sem starfsfólkið talar þeirra tungumál. Þeir sem komu frá Karabísku eyjunum og frá Afríku vildu alls ekki fá neina sérþjónustu, litu strax á það sem mismunun. Þeir kröfðust þess að það yrði komið fram við þá eins og aðra

Englendinga í öldrunarþjónustu og umönnun (sjá í Gaunt, 2002).

Nú eru þó nokkur hjúkrunarheimili rekin fyrir aldraða af sérstökum minnihlutahópum á Norðurlöndum og er tilgangurinn með rekstri þeirra sá að brjóta félagslega einangrun og stuðla að því að fólk getið talað sitt eigið tungumál við aðra íbúa og starfsfólk. Slíkt fyrirkomulag hefur gefið góða raun í Svíþjóð og bendir rannsókn Ekmans til þess að lífsgæði aldraðra Finna með minnissjúkdóma hafi aukist þegar þeir hafa getað talað móðurmál sitt við starfsfólkið (sjá í Gaunt, 2002).

Þó hefur verið bent á að sérstakar hjúkrunardeildir eða sambýli gagnist ekki öllum minnihlutahópum því í ákveðnum menningarsamfélögum geta einhleypar konur t.d. ekkjur ekki búð á sama heimili og karlar af menningarlegum ástæðum, þó svo að hver hafi sína íbúð (Lewinter, 2003).

Sérstök hjúkrunarheimili hafa verið rekin fyrir gyðinga og hafa þeir skipulagt starfsemi þeirra sjálfir. Gyðingar skilgreina sig sem minnihlutahóp, þó svo að þeir hafi aðeins trúna sameiginlega, en flestir þeirra koma frá Austur-Evrópu. Dæmi eru um að á slíku heimili séu mörg þjóðarbrot, með ólík tungumál. Á heimilunum eru þeirra matarhefðir í heiðri hafðar og áhersla lögð á trúarhefðir og að hátíðisdagar séu haldnir (Videncentre på Ældreområdet, e.d.).

Þess má geta að í Gimli í Manitoba í Kanada byggðu Vestur - Íslendingar elliheimilið Betel fyrir aldraða landa sína. Þar var töluð íslenska og áhersla lögð á íslenskar matarhefðir. Þetta heimili var ein af fyrirmyndum Elliheimilisins Grundar sem var fyrsta elliheimilið sem opnað var fyrir aldraða í Reykjavík árið 1922 (Guðjón Arngrímsson, 1998).

Stuðningur fjölskyldunnar og vellíðan á efri árum

Viðhorf og væntingar um aðstoð frá fjölskyldunni er mismunandi eftir löndum. Að vera sjálfum sér nógur og geta lifað sjálfstæðu lífi er tengt vellíðan á efri árum að mati eldri borgara í Ameríku (Torres, 2002). Þetta viðhorf

hefur einnig verið ríkjandi meðal aldraðra Íslendinga, sem leggja ríka áherslu á að halda sjálfstæði sínu og vera ekki upp á aðra komnir þegar þeir eldast (Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1993). Aldraðir í Hong Kong geta ekki skilið að það geti verið eftirsóknarvert því ef fjölskyldur þeirra eru reiðubúnar til að sjá fyrir fjárhagslegum, andlegum og líkamlegum þörfum þeirra er það tákn um að þeir geti lifað góðu lífi sem aldraðir (Torres, 2002). Við það að flytjast milli menningarsvæða getur þetta viðhorf breyst og tekið mið af þeim gildum sem ríkjandi eru í nýja landinu.

Í löndum Suður-Evrópu er löng hefð fyrir því að börnunum beri að sjá um foreldra sína þegar þeir þarfnast aðstoðar. Í samanburðarrannsókn sem gerð var í fimm Evrópulöndum; Bretlandi, Ísrael, Noregi, Spáni og Pýskalandi kemur fram að samhjálpi fjölskyldna er að breytast. Hún er enn til staðar, en hefur aðlagð sig breyttum aðstæðum í samfélaginu. Þeir allra elstu vilja frekar þiggja hjálp frá opinberum aðilum en frá fjölskyldunni, nema aldraðir Spánverjar sem treysta áfram á aðstoð fjölskyldunnar. Þetta sýnir að aldraðir aðlaga sig þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og sætta sig við breyttar forsendur fyrir samhjálpi kynslóðanna (Daatland og Herlofson, 2004).

Kannanir á aðstæðum og viðhorfi eldri innflytjenda í Svíþjóð og Danmörku sýna að þeir óska nú í auknum mæli eftir þjónustu opinberra aðila (KL-Kommunernes interesseorganisation, 2001; Mortensen, 2003). Þessar niðurstöður gefa til kynna að aldraðir innflytjendur aðlagist ríkjandi gildum í nýju samfélagi.

Í rannsókn Söndru Torres (2002) á viðhorfi íranskra innflytjenda í Svíþjóð til efri árunna kemur fram að fjölskyldugildin hafa breyst við að flytja til Svíþjóðar. Áður en fólkíð flutti voru flestir þeirrar skoðunar að vellíðan á efri árum væri tengd því að búa með börnum sínum og að fjölskyldan ætti að sjá um sig og sína (collateral). En eftir að hafa kynnst því að það var ekki nauðsynlegt í Svíþjóð og að aldraðir gætu lifað góðu lífi án þess að búa hjá börnunum höfðu þeir skipt um skoðun. Þeir litu

svo á að fyrst aldraðir Svíar gætu búið þannig þá hlytu þeir einnig að geta það. Írönsku innflytjendurnir gerðu sér grein fyrir að það gæti reynst erfitt í sænsku samfélagi að gera kröfur um of mikla aðstoð frá börnum sínum og töldu rétt að aldraðir byggju sér og óháðir (individual). Samband milli fjölskylduþátttöku í umönnun og aðstoð og mati á vellíðan á efri árum eru því að mati Torres bundin þeim menningarheimi sem fólk lifir í.

Lokaorð

Stýrihópur um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015 hvetur til þess að hugað verði sérstaklega að öldruðum af erlendum uppruna og staða þeirra tryggð til jafns við aðra landsmenn. Hvatt er til þess að bregðast tímanlega við aðstæðum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar aðgerðir og nýta okkur þekkingu nágrannaþjóðanna á þessu sviði (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2003).

Í skýrslu nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi kemur fram að lögð skuli áhersla á gagnkvæma aðlögun þeirra sem hingað flytjast og þeim auðveldað að semja sig að siðum og venjum Íslendinga. Jafnframt er hvatt til þess að þeir haldi tengslum við heimaland sitt og rækti siði og venjur sinnar menningar (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Mikilvægt er að stuðla að markvissri uppbyggingu góðrar öldrunarþjónustu, bæði félagslegri og stofnanarþjónustu. Ef það tekst þá mun sú þjónusta einnig nýtast öldruðum innflytjendum. Aldraðir eru ólíkir, með misjafnar þarfir og væntingar. Þeir öldruðu einstaklingar sem tilheyra minnihlutahópum hafa sömu þörf fyrir fjölbreytta þjónustu og aðrir eldri borgarar. Sérstaða þeirra er sú að þeir hafa alist upp við aðrar aðstæður þar sem viðhorf og væntingar til opinberrar öldrunarþjónustu eru ólíkar því sem hér er. Þeir hafa oft veikara félagslegt stuðningsnet og tungumálaerfiðleikar valda því að þeir eiga erfitt með að tjá sig um þarfir sínar og óskir.

Takmarkaðar upplýsingar eru til hérlendis um aðstæður eldri innflytjenda. Efla þarf rannsóknir á högum þessa hóps og kanna

aðstæður hans og viðhorf. Mikilvægt er að fulltrúar minnihlutahópa séu hafðir með í ráðum þegar skipuleggja á þjónustu fyrir þá. Ef litið er til reynslu nágrannaþjóða okkar þá er nauðsynlegt að auka upplýsingar um þjónustu til aldraðra innflytjenda á þeirra tungumáli og leitast við að ráða starfsfólk í öldrunarþjónustu sem talar tungu þeirra. Þetta ættu að vera raunhæf markmið því nú þegar er fjöldi innflytjenda sem sinnir þjónustustörfum bæði í heimaþjónustu og á sjúkrahúsum og þó nokkrar líkur á að aldraðir með sama þjóðarbakgrunn og þeir þurfi á þjónustu að halda. Með heilsuefandi heimsóknum og góðum stuðningi heima fyrir er hægt að stuðla að því að aldraðir innflytjendur geti búið heima við öryggi þrátt fyrir versnandi heilsu.

Auka þarf fræðslu um menningu innflytjenda og brýna það fyrir starfsfólki sem kemur að málefnum aldraðra að viðurkenna og virða breytileika þeirra og sérkenni. Sem dæmi um slíkt framtak má nefna bækling um áhrif trúar, menningar og arfleifðar á samskipti og meðferð innan heilbrigðisþjónustunnar sem gefinn var út af Landlæknisembættinu og Landspítala-háskólasjúkrahúsi (Þorbjörg Guðmundsdóttir og Vilborg Ingólfssdóttir, 2001). Með aukinni þekkingu á menningarlegum bakgrunni minnihlutahópa, viðurkenningu og jákvæðni gagnvart honum sem og betra aðgengi að þjónustu er hægt að auka vellíðan aldraðra innflytjenda. Þannig er hægt að tryggja þeim þá þjónustu sem þeir verðskulda.

Heimildir

- Akthar, S. og Choi, L.W. (2004). When evening falls: the immigrant's encounter with middle and old age. *The American Journal of Psychoanalysis*, 64 (2), 183-191.
- Becker, S. (2001). Growing old as a foreigner: intercultural aspects of social and educational gerontology. *Education and Aging*, 16 (3), 353-360.

- Bartholdy, J. (2000). Ældri borgere med anden etnisk baggrund end dansk- i Vejle Kommune "Öjeblikksbilder". Vejle: Vejle Kommune.
- Blakemore, K. (1999). International migration in later life: social care and policy implications. *Ageing and Society*, 19, 761-774.
- Daatland, S.O. og Herlofson, K. (2004). *Familje, velferdsstat og aldring. Familjesolidaritet i et europeisk perspektiv*. Nova rapport 7/2004. Oslo: Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring (NOVA).
- Félagsmálaráðuneytið (2005). Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. (Skýrsla). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Gaunt, D. (2002). Äldre invandrare. Í Finnur Magnússon (Ritstj.) *Etniska relationer i vård och omsorg* (bls. 61-83). Lundur: Studentlitteratur.
- Guðjón Arngrímsson. (1998). *Annað Ísland. Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Hagstofa Íslands (2005). www.hagstofa.is
- Hatzidimitriadou, E. (2005). *Growing Old in Exile: resettlement of older refugees in Europe*. Greinin var lögð fram og kynnt á 7. ráðstefnu ESA (European Sociological Association) Torun í Póllandi.
- Heiður Hrund Jónsdóttir, Hildur Svavarsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson. (2004). *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi*. (Skýrsla unnin fyrir Fjölmenningssetur). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. (2003). *Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015*. Reykjavík: Höfundur.
- Ingebretsen, R. og Romören, T.I. (2005). *Omsorgstjenster med mangfold? Kartlegging av kommunenes resurser og behov når det gjelder tilrettelegging av pleje- og omsorgstjenster til eldre med minoritetsetnisk bakgrund*. Nova rapport 9/2005. Oslo: Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring (NOVA).
- KL-Kommunernes interesseorganisation. (2001). Nye borgere i den kommunale ældreplejen. Sótt 22.9.05 af <http://www.kommuneinformation.dk>
- Lewinter, M. (2003). Äldre invandrare i Danmark. *Social Kritik* 86, 17-27.
- Lewinter, M., Kesmez, S.S. og Gezgin, K. (1994). Self-reported health and function status of elderly Turkish immigrants in Copanhamen, Denmark. *Scand. J. Soc. Med*, 21 (3), 11-21.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2000). Í þágu mannúðar: Saga Rauða kross Íslands 1924-1999. Reykjavík: Mál og mynd.
- Mortensen, S.L. (2003) Äldre flygtinge og invandrare i Århus kommune. *Gerontologi og samfund 2003*; 19, (1), 10-11.
- Nazroo, J., Bajekal, M., Blane, D. og Grewal, I. (2004). Ethnic inequalities. Í A. Walker, og C. H. Hennessy (Ritstj.) *Growing older, quality of life in old age* (bls. 35-59). London: Open University Press.
- Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1993). Isländska livsformer. Í K. Wærness, J-E. Ruth, L. Tornstam, (Ritstj.) *Livslöb blant gamle i Norden*. Rapport 2-1993. Oslo: Norsk gerontologisk institut.
- Swallen, K. (1997). Do health selection effect last? A comparison of morbidity rates for elderly adult immigrants and US-born elderly persons. *Journal of Cross-Cultural Gerontology* 12, 317-339.

- Torres, S. (2002). Relational Values and Ideas Regarding "Successful Aging". *Journal of Comparative Family Studies*; 33 (3), 417-431.
- Vejle Kommune (2003). *Projekt „Insats for ældre etniske minoriteter“*. September 2003. Vejle: Vejle Kommune.
- Videncenter på Ældreområdet (e.d.) Etnicitet og omsorg. Sótt 15. maí 2005 af http://www.aeldreviden.dk/fagomraader/etniske/Etnicitet_omsorg.html
- Wånell, S.E. (2004). *Äldreomsorgen 1993, 1998 och 2003 i Stockholms stad*. ÄC-rapport 2004:11. Stockholm: Stiftelsen Stockholms läns äldrecentrum.
- Þorbjörg Guðmundsdóttir og Vilborg Ingólfssdóttir. (2001). *Menningarheimar mætast. Áhrif trúar, menningar og arfleifðar á samskipti innan heilbrigðisþjónustunnar*, Reykjavík: Landlæknisembættið og Landspítali háskólasjúkrahús.